

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 290/2014****2015/EES/71/37****frá 12. desember 2014****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014 frá 27. mars 2014 um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 593/2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 319/2014 fellur út gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 66s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007) í XIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 R 0319**: reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014 frá 27. mars 2014 um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 593/2007 (Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 58).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðin „eða EFTA-ríkis“ komi á eftir orðinu „Sambandsins“ í 5. mgr. 3. gr.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 319/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 58.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.